

FJARÐAR 25 ára pósturinn

16. tbl. 27. árg. 2009
Miðvikudagur 22. apríl

Upplag 10.000 eintök. Dreift fritt í Hafnarfirði og á Álftanesi

Reikningar • Nafnspjöld
Umslög • Bæklingum
Fréttabréf
Bréfefni
Og fleira

Öll prentun
stór og smá



Prentsmiðjan Steinmark
Stofnað 1982

Dalshrauni 24 • Sími 555 4855
steinmark@steinmark.is

Við þurfum þinn stuðning
á laugardaginn!

Vinna og velferð

..fallegar gel neglur
Punnar og flottar „ekkert loft“
endast 4 til 6 vikur

Tilboð:
Ásetning: kr. 5.500,-
Lagfæring: kr. 4.000,-

andorra
STÚDÍÓ HELGA SÆUNN
STRANDGÖTU 32 SÍMI 555 2615

Kosið á laugardag

16% frambjóðenda býr ekki í kjördæminu

Alls eru sjö listar í framboði í SV-kjördæmi fyrir alþingiskosningarnar á laugardag. Á þessum listum eru samtals 168 einstaklingar og af þeim búa 27 ekki í kjördæminu eða 16%. Kjósendur eru hins vegar bundnir við búsetu sína og skulu kjósendur kjósa þar sem lögheimili þeirra er. Allir 24 frambjóðendur Sjálfstæðisflokks eru skráðir til heimilis í kjördæminu á meðan 7 frambjóðendur Borgarahreyfingarinnar og Lýðræðishreyfingarinnar koma utan kjördæmisins. Aðeins einn kemur utan kjördæmis hjá Samfylkingu en það er efsti maður þeirra. Tveir efstu menn Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs koma utan kjördæmis og sama á við um 4 aðra í flokknum.

Frambjóðendur búsettir í Hafnarfirði eru 25% frambjóðendanna, flestir hjá Samfylk-

ingu, 10 en fæstir hjá Lýðræðishreyfingunni eða 4.

Kynjahlutfallið er jafnt hjá Samfylkingu en 54/46 hjá VG, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki, 58/42 hjá Borgara-

hreyfingunni, konum í óhag. 25% frambjóðenda eru konur á lista Frjálslyndaflokks en aðeins 17% hjá Lýðræðishreyfingunni. Upplýsingar um kosningarnar má sjá á kosning.is

Gleðilegt sumar!



Vonargletu má alltaf sjá á lofti þótt regnið bylji.

Treystu mér fyrir
veislunni
þinni

KÖKULIST
Firði • sími 555 6655

**TÖLVUVIDGERÐIR
STUTTUR BIÐTÍMI**

Helluhrauni við Bónus
Opíð til 19 alla virka daga

MIDNET
www.midnet.is
s: 564 0690

-5kr.

ódyrt bensín

og Vildarpunktur

Láttu skynsemina ráða ferð, verslaðu ódyrt hjá PITSTOP

www.pitstop.is

Pitstop rekur þrjár þjónustustöðvar á stór- Hafnarfjarðarsvæðinu.

Pitstop býður upp á fyrsta flokks vörumerki á lægri verðum.

Hafðu samband og við finnum réttu dekkinn fyrir þig á lægri verðum.



Rauðhella 11, Hfj.



Dugguvogur 10, Rvík.



Hjallahraun 4, Hfj.

Láttu skynsemina ráða ferð - Ódyrt dekk hjá PITSTOP

Alhliða hjólbarðapjónusta
Smáviðgerðir fólksbíla,
jeppa og sendibíla
Bremsuklossaskipti
Hjólástillingar

Olíuskipti og smur
Hemlaviðgerðir
Demparaskipti
Peruskipti
Skipti á timareimum

Allar stærðir og týpur af dekkjum

Er sprungið eða dældir þú röngu eldsneyti á bílinn?



Frá Hvalfjarðargöngum til Suðurnesja!



Rauðhelli 11, Hfj
Sími : 568 2035

Dugguvogi 10, Rvík
Sími : 568 2020

Hjallahrauni 4, Hfj.
Sími : 565 2121

Þjónustubíll
Sími : 568 2035 & 842 5715

FJARÐAR 25 ára pósturinn

Útgefandi: Keilir ehf. útgáfufélag, kt. 480307-0380
Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði
Vinnsla: Hönnunarahúsið ehf., umbrot@fjardarposturinn.is
Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is
Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is
Prentun: Steinmark ehf. Dreifing: Íslandspóstur
ISSN 1670-4169 – Vefútgáfa: ISSN 1670-4193

www.fjardarposturinn.is

Leiðarinn



Þetta var annars flokks fólk sagði Fiddi um fólkíð sem skvetti súrmjólk í kosningaskrifstofu Samfylkingarinnar í Firði. Reyndar virðist þetta hafa verið einskis flokks fólk, fólk sem heldur að skemmdarverk hjálpi. Það virðist vera í tísku að aðhyllast anarkisma. Heldur fólk að það sé hægt að lifa við stjómleysi? Heldur fólk að allt lagist af sjálfu sér? Ég hef ímugust á allri skemmdarstarfsemi, jafnvel þó verið sé að mótmæla einhverju. Kosningarnar framundan eru okkar tækifæri. Dugi það okkur ekki þurfum við að vinna með öðrum að því að afla góðum hugmyndum brautargengi. Að visu fengum við ekki að raða á lista eins og til stóð en við fáum að kjósa með þeim annmörkum sem flokkraðið setur lýðræðinu.

Ég vil horfa til þess fólks sem ég trúi að nái árangri fremur en fólks sem lofar meiru en það getur nokkurn tíman staðið við. Hvort frambjóðendur hafi náð að kynna sig og lista nægilega vel fyrir okkur svo við getum tekið upplýsta ákvörðun efast ég hins vegar. Svo nú sem fyrr verðum við pinulítið að reka puttann upp í loftið og finna hvaðan vindurinn blæs. Hverjar sem niðurstöðurnar verða er nauðsynlegt að við hvetjum alla til að slíðra sverðin og vinna saman að því að finna góðar lausnir. Það er t.d. ekki nægilegt að lengja í hengingaról ungra íbúðareigenda. Meira þarf til. Hagkerfi okkar byggist á væntingum. Trú manna á að vel gangi hefur því raunveruleg áhrif. Fasteignamarkaðurinn fer af stað bráðlega hversu hart sem Mogginn berst á móti með neikvæðum „fréttum“. Atvinnulífið mun braggast en við þurfum að vara okkur á að láta stjórnast af gróðrarhugsjón einni saman. Gleðilegt sumar!
Guðni Gíslason.



Víðistaðakirkja

Blóma- og skátaguðspjónusta

á sumardaginn fyrsta kl. 13

Prestur: Bragi J. Ingibergsson

Stúlknakór Víðistaðakirkju

undir stjórn Áslaugar Bergsteinsdóttur og skátar flytja tónlist

sunnudagurinn 26. apríl

Barnaguðspjónusta kl. 11

Skemmtileg stund fyrir alla fjölskylduna, fer fram í loftsalmum.

www.vidistadakirkja.is

Menning & mannlíf

Útskriftartónleikar í kvöld

Eydís Ýr Rosenkjar heldur í kvöld kl. 20 útskriftartónleika sína á víolu frá Listaháskóla Íslands í Salnum í Kópavogi. Leikin verða verk eftir Beethoven, Bach, Oliver Kentish (frumflutningur), Hindemith og Brahms. Nefnast tónleikarnir „Hin mjúka miðja“.

Prastartónleikar í kvöld

Karlakórinn Prestir, ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur verður með vortónleika í Hafnarborg í kvöld 22. apríl kl. 20. Að auki verða tónleikar í Neskirku 23. apríl kl. 16.

Sýningar í Bæjarbíói

Á laugardaginn kl. 16 sýnir Kvikmyndasafnið **When a Woman Ascends the Stairs** (1966) eftir japanska kvikmyndagerðarmanninn Mikio Naruse.

Á þriðjudaginn kl. 20 sýnir Kvikmyndasafnið mynd sænska kvikmyndagerðarmannsins Bo Widerberg, **Ádalen '31** frá árinu 1969. Myndin segir frá verkfalli í Svíþjóð 1931 þar sem skerst í odda milli verkfallsmanna og verkfallsbrjóta. Allt logar í ildeilum og herinn er sendur á vettvang til að ganga á milli.

Leiðsögn í Hafnarborg

Á sunnudaginn kl. 14 verður fjölskylduleiðsögn um sýningu Guðrúnar Kristjánsdóttur, Veðurskrift,

sem nú stendur í Hafnarborg. Guðrún er þekkt fyrir áhrifamikil verk sem túlka íslenska náttúru og náttúrusýn á frumlegan hátt.

Siðdegisdjass í Hafnarborg

Á sunnudaginn kl. 15 mun siðdegisdjassinn halda áfram í Hafnarborg í samstarfi við Mann lífandi. Bláir skuggar, djass/blús kvartett saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar leikur. Auk hans skipa kvartettinn þeir Þórir Baldursson á Hammond orgel, Jón Páll Bjarnason á gítar og Pétur Óstlund á trommur. Tónlistin sem Bláir skuggar flytja er aðgengilegur og skemmtilegur samruni jazz- og blús tónlistar þar sem spilageði er í fyrirrúmi.

Tónleikarnir eru ókeypis og er hugmyndin að mynda notalega kaffihústastemningu á sunnugags-efirmiddagi þar sem fara saman topp tónlistarmenn og úrvalsveitingar.

Vorsöngur Kvennakórsins

Vortónleikar Kvennakórs Hafnarfjarðar, Vortónar, verða haldnir þriðjudaginn 28. apríl kl. 20 í Há-sólum. Á dagskrá eru m.a. nýtt verk, Stökur, eftir Hildigunni Rúnarsdóttur við ljóð Lilju Sólveigar Kristjánsdóttur. Kórinn syngur um vorið og birtuna, lagavalið kemur úr hinum ýmsu áttum, íslenskar og erlendar vorvisur, madrigalar, kirkjuleg verk og söngleikjalög svo eitthvað sé nefnt.

ÚTFERARÞJÓNUSTA HAFNARFJARÐAR

FRIÐMANN ANDRESSON
ÚTFERARSTJÓRI

HÁLFÐÁN HÁLFÐANARSON
ÚTFERARSTJÓRI

SÍMI 565 9775 - ALLAN SÓLARHRINGINN - UTH.IS

HAFNARFJARÐARKIRKJA

Sunnudaginn 26. apríl

Guðspjónusta kl. 11

Prestur: Sr. Kjartan Jónsson
Kantor: Guðmundur Sigurðsson.
Kór: Barbörúkórinn í Hafnarfirði.

Sunnudagaskóli á sama tími í Strandbergi

Kyrrðarstund með kristinni íhugun
þriðjudaga kl. 17.30
í umsjá Sigríðar Hrannar Sigurðardóttur.

Gleðilegt sumar!

TÖLVUHJÁLPIN

Tek að mér vírusheirnsanir, viðgerðir, uppfærslur og uppsetningar á PC tölvum

Mæti í heimahús
Sanngjarnt verð

Sími 849-6827

LOFTNETS OG SÍMAÞJÓNUSTA

Viðgerðir og uppsetningar á loftnetum, diskum, heimabíóum, flatskjám. Síma- og tölvulagnir

Loftnetstaekni.is

sími 894 2460

Matjurtagarðar í Vatnshlíð

Einstaklingar sem leigt hafa matjurtagarða í Hafnarfirði og hafa hug á að halda því áfram, eru beðnir um að hafa samband við þjónustuver Hafnarfjarðarbæjar eigi síðar en 10. maí nk. Eftir það má búast við að garðlöndin verði leigð öðrum.

Leiðrétting

Á auglýsingu á bls. 12 er veffang Jafnréttishúss misritað og á að vera www.jafn.is

Áfram litbolti

Umhverfisnefnd tók jákvætt í ósk Litboltafélags Hafnarfjarðar um framlengingu á afnotum af æfinga- og keppnis-svæði við Krýsuvíkurveg og til jarðvegsframkvæmda.

Leggur nefndin til að gerður verður samningur með m.a. uppsagnarákvæðum.

Skutlur, Litlir bílar, Milli bílar, Stórir bílar
Sendibílastöð Hafnarfjarðar
www.sendibilastod.is
Sími 555 1111

SAUMAKONA

í Hafnarfirði

- földun - rennilásar - gardinur
- hvers kyns saumaskapur

GOTT VERÐ

Reykjavíkurvegi 22
á bak við Sjónarhól

Opíð kl. 17 til 21
mánud. og miðvikud. kl. 17-19

Sími 867 2273

Beani Beia ehf.
893 2130 / 555 0118
Bæjarhúsið

Sala tóbaks til unglunga eykst mikið í bænum

60% söluaðila brjóta löginn og selja unglingum tóbak!


Í apríl stóð forvarnarnefnd að reykingakönnun þar sem börn úr 10. bekk fóru í fylgd með starfsmönnum Gamla bókasafnsins á alla sölustaði tóbaks í Hafnarfirði utan vinnveitingastaða.

60% sölustaða brýtur löginn

12 sölustaðir af þeim 20 sem sem skoðaðir voru seldu unglingunum tóbak án þess að biðja um skilríki.

Niðurstöðurnar eru sendar Heilbrigðisefirliti Kópavogs- og Hafnarfjarðarsvæðisins þar sem unnið verður úr þeim eins og lög gera ráð fyrir.

Forvarnanefnd Hafnarfjarðar harmar niðurstöðu rannsóknarinnar og hvetur söluaðila tóbaks



Ólögleg tóbakssala í Hafnarfirði skv. könnunum æskulýðs- og tómstundaráðs og forvarnarnefndar 1996-2009.

baks í Hafnarfirði til að virða lög um tóbak.

Vegna slæmrar útkomu mun forvarnanefnd standa aftur fyrir

könnun á næstunni til að hvetja kaupmenn til að virða lög og reglur um vernd barna og ungmenna.

26.003 Hafnfirðingar

Í gær fór fjöldi íbúa í Hafnarfirði í fyrsta sinn yfir 26 þúsund og reyndar 3 íbúum betur.

Íbúum bæjarins fjölga stöðugt og á síðustu 10 árum hefur íbúum fjölgað um 39,4% og frá 1. janúar 2008 hefur íbúum fjölgað um 3,9%.

Þrátt fyrir að sala á íbúðum hafi nær stöðvast hefur gengið nokkuð vel að leigja nýjar íbúðir út og því fjölga íbúum stöðug.

Um 1338 eru atvinnulausir í bænum sem er um 9% af vinnufæru fólki sem er á at-

vinnumarkaði. Miðað er við að 81% atvinnufærra sé tiltækt á vinnumarkaði. Hefur atvinnuleysi því aukist úr 6% frá því um miðjan janúar sem er veruleg aukning en er nú svipað og annars staðar á landinu skv. uppl. Vinnumálastofnunar.

Fríkirkjan

Sunnudagurinn 26. apríl:

Sunnudagaskóli kl. 11

Æðruleysismessu kl. 20

Fríkirkjubandið leiðir tónlist og söng.

Verið velkomin í Fríkirkjuna!

www.frikirkja.is

Vikingskrá sig eflaust ekki atvinnulausa.

Sumardagurinn fyrsti



Fögnum sumri í Hafnarfirði



Dagskrá

11:00 Viðavangshlaup Hafnarfjarðar á Viðistaðatúni. Keppt er í 7 aldursflokkum frá 6 ára aldri uppí 21 árs og eldri. Allir keppendur fá verðlaunapeninga og sigurvegarar flokka fá bikara

11:00- 21:00 Hafnarborg, menningar- og listamiðstöð Hafnarfjarðar býður gesti velkomna á sýningu Guðrúnar Kristjánsdóttur Veðurskrift, þar sem íslensk náttúra og náttúrusýn eru túlkuð á frumlegan hátt. Notalegt andrúmsloft og góðar veitingar í veitingasölu Hafnarborgar sem rekin er af Manni lífandi. **Fritt í söfnin í Hafnarfirði.**

11:00-21:00 Byggðasafn Hafnarfjarðar í Pakkhúsinu að Vesturgötu 4 býður gestum og gangandi uppá sögu Hafnarfjarðar og nágrennis ásamt skemmtilegri leikfangasýningu. **Fritt í söfnin í Hafnarfirði.**

13:00 – 15:00 Íshestar í Hafnarfirði Klukkutíma hestaferðir fyrir 8 ára og eldri kl 13:00 og kl 15:00, kr. 2.000 á mann. Fólk er hvatt til þess að hafa samband við Íshesta og skrá sig í hestaferðirnar. Teymt undir yngri kynslóðinni kl 14:00-15:00, **fritt.** Kaffiveitingar til sölu.

13:00 Skáta- og blómamessa í Viðstaðakirkju.

13:45 Skruðganga frá Viðstaðakirkju niður á Thorsplan, í miðbæ Hafnarfjarðar.

14:15-16:00 Fjölskyldudagskrá á Thorsplani í umsjá Hraunbúa

- Magnús Kjartansson sér um að kynna dagskrá og koma okkur í sumarskap.
- Lúðrasveit Hafnarfjarðar
- Sönglist. Dans-, leik- og söngatriði
- Hressir 5 ára krakkar úr Hraunvallaleikskóla taka lagið
- Atriði úr dansverkinu Pétur Pan frá Listdanskóla Hafnarfjarðar
- Kór Flensborgarskólans syngur
- Stúlknahljómsveitin Kári flytur nokkur lög



Gratísa Vinnufólan - 552 0700

Áfram best að búa á Íslandi

Kosningarnar á laugardaginn snúast um framtíðina. Kosningarnar snúast um það hvers konar þjóðfélagi við viljum búa í. Viljum við að einstaklingarnir og fyrirtækin fái áfram að njóta sín á eigin forsendum eða viljum við að ríkið vofi yfir öllu með tilheyrandi höftum og byrðum á heimilin og fjölskyldurnar? Vinstri öflin hafa boðað að skattar muni



Rósa Guðbjartsdóttir

hækka, nýir skattar verða til og að laun ríkisstafsmanna verði að lækka. Hvernig munu þessar aðgerðir bjarga heimilunum í landinu eða fyrirtækjunum? Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað. **Purfa á laununum að halda** Sjálfstæðisflokkurinn telur meiri álögur og skattbyrði auka enn á erfiðleika landsmanna og muni því alls ekki örva einstaklingana og fyrirtækin í þeirri djúpu lægð sem við erum í. Við ætlum ekki að seilast dýpra í vasa skattgreiðenda, þeir þurfa á laununum sínum að halda. Hjá öðrum ríkjum sem hækkað hafa skatta í efnahagskreppu hefur gjarnan orðið tekjusakdráttur hjá hinu opinbera og skattahækkunin því

haft gagnstæð áhrif við það sem gert var ráð fyrir. Örugg atvinna er forsenda velferðar og góðrar afkomu fjölskyldnanna í landinu. Það er forgangsverkefni að skapa hagstæð skilyrði svo störfum megi fjölga til muna. Í atvinnuuppbyggingunni getum við heldur ekki gert upp á milli atvinnugreina, eins og sumir vilja; við getum ekki lagt stein í götu uppbyggingar sem skapar hundruð starfa eins og við álvorsframkvæmdir. **Greiðslubyrðin minnuð í þrjú ár** Þá er mikilvægt að laga greiðslubyrði heimilanna að getu hvers og eins á meðan á efnahagslegum erfiðleikum stendur. Sjálfstæðisflokkurinn hefur lagt til að greiðslubyrði heimila verði lækkuð um allt að helming á mánuði í þrjú ár og að lánstíminn verði framlengdur á móti. Þannig er hægt að auka

Hamingjunámskeiðum lokið

Í byrjun janúar ákvað Kjalarnesprófastsdæmi að ráða sr. Þórhall Heimisson til að halda námskeið um hamingjuna á erfiðum tímum í öllum sóknum prófastsdæmisins. Námskeiðin ganga undir nafninu „10 leiðir til lífshamingju“ og eru ætluð til að hjálpa fólki að finna nýjar leiðir til lífshamingjunnar á þeim erfiðu tímum sem nú ganga yfir þjóðina. Námskeiðin hafa verið haldin áður með öðrum formerkjum víða um land. Nú er þessari yfirferð um prófastsdæmið senn lokið. Hamingjunámskeiðin hafa verið haldin í Reykjanesbæ fyrir Keflavíkursókn og Innri og Ytri Njarðvíkursóknir, tvisvar í Grindavíkirkirkju, í Hafnarfjarðarkirkju, Ásvallakirkju, Víðistaðakirkju, Mosfellskirkju en síðasta námskeiðið var haldið í gær í Vestmannaeyjum. Námskeiðin hafa verið fjölsótt og mikil umræða hefur skapast á þeim um ástand mála enda þátttakendur frá öllum sviðum mannlífsins.

Nóg gas í Hafnarfirði

Strandmøllan útvegar súrefni handa sjúkum Íslendingum

Fyrirtækið Strandmøllan er danskt fyrirtæki með aldagamla sögu. Nú selur það ýmsar lofttegundir til viðskiptavina sinna í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Íslandi. Strandmøllan ehf. er íslenskt fyrirtæki í eigu Strandmøllan og hefur komið sér vel fyrir að Drangahrauni 1B hér í bæ. Þar ræður Börkur Gunnarsson ríkjum en hann hefur langa reynslu af vinnu við gas, hér á landi og í Danmörku. Hann segir að útboð ríkiskaupa á lyfjaloftegundum fyrir spítalana hafi verið upphafið að starfsemi fyrirtækisins hér. Fyrirtækið bauð mun lægri verð en áður hafði þekkt og útvegar nú m.a. súrefni og glöðloft til allra spítala og heilustofnana ríkisins. Þess utan býður fyrirtækið allar lofttegundir fyrir málmíðnaðinn og hreinar lofttegundir til rannsóknastofa.



Lýsm.: Guðni Gleason

Dansað í Hraunseli

síðasta vetrardag, 22. apríl

Þorvaldur Halldórsson leikur og syngur fyrir dansi.

Dansað er í Hraunseli, Flatahrauni 3, kl. 20.30 - 24.

Kveðjum vetur og heilsum sumri. Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir. **Húsið opnað kl. 20**

Upplýsingar á www.febh.is og í síma 555 0142

ráðstöfunartekjumar og flestir íbúðareigendur ættu að geta komist yfir erfiðasta hjallann. Stefna Sjálfstæðisflokksins byggir á gildum sem hafa hingað til gefist vel og munu áfram gera það. Hún leysir úr læðingi þá krafta og þann dugnað sem við þurfum nú á að halda við endurreisn íslensks samfélags. Þannig byggjum við upp á nýjan leik og þá verður áfram best að búa á Íslandi. *Höfundur er framþjóðandi Sjálfstæðisflokksins.*



Börkur Gunnarsson, framkvæmdastjóri og Sigurdór Bragason, söluumaður við súrefniskút fyrir sjúkrahöfnir.

Gleðilegt sumar kærri bæjarbúar!

PEMA
snýrti- og fóttaaðgerðarstofa
Dalshrauni 11 • sími 555 2215

Eymundsson
Bóksali frá 1872
Strandgötu 31 • 540 2160

Verkalýðsfélagið Hlíf
www.hlif.is • sími 555 0944

VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Vörumerking
Bæjarhrauni 24 • www.vorumerking.is

Bókasafn Hafnarfjarðar
Strandgötu 1 • 585 5690

Bílmálning ehf.
Helluhrauni 6 • www.bilmalning.is

varahlutir.is
Norðurhelli 8 • sími 511 2222

HÖNNUNARHÚSIÐ
innanhússarkitekt ráðgjöf útgáfubjónusta auglýsingagerð

Prentsmiðjan Steinmark
Dalshrauni 24 • sími 555 4855

FJARÐAR posturinn
... fyrir alla Hafnarfirðinga
www.fjardarposturinn.is

Lækkum greiðslubyrði húsnæðislána um 50%

Stöndum vörð um heimilin

Okkar leið er skýr og einföld. Við viljum að þau fjölmörgu heimili sem eiga í vanda vegna þungrar greiðslubyrði eigi kost á að lækka hana um allt að helming á mánuði í þrjú ár og framlengja lánstímann á mótí. Með þessu geta flestir íbúðareigendur komist yfir erfiðasta hjallann.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir,
varaformaður Sjálfstæðisflokksins.



GÖNGUM HREINT TIL VERKS

XD

Demparar



Stilling

Bæjarhraun 6 • 220 Hafnarfjörður • Sími 520-8003 • www.stilling.is

Garð- og listmiðstöð á Þorlákstúni

Á morgun, sumardaginn fyrsta kl. 15 mun Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri, taka fyrstu skóflustunguna að uppbyggingu Garð- og listmiðstöðvar sem mun rísa á Þorlákstúni á næstu árum.

Samkvæmt deiliskipulagi verður keyrð fylling í Þorlákstún og því lyft upp fyrir Reykjanesbraut. Á neðra svæðinu verða ræktunarsvæði, handverks- og gróðurreitir en á efri hluta svæðisins nær Lyngbarði verður sölustaða og stjórnstöð. Göngustígar sem liggja um svæðið munu halda sér og aðgangur um þá verður óhindraður.

Fyrsti áfangi framkvæmdanna er í anda þess að varðveita og vernda, Marteinhús, timburhús sem staðið hefur við Suðurgötu 41 frá fyrrihluta síðustu aldar verður flutt á staðinn og nýtt sem stjórnstöð plantað verður út trjágróðri til skjóls og yndisauka.

Í Þorlákstúni verður ræktað, byggt og skapað eins mikið og mögulegt er úr íslensku náttúru-efni fyrir landsmenn alla og ekki síður fyrir þá hundruðir þúsunda ferðamanna sem hér fara hjá á hverju ári. Átlunin er að gera svæðið aðlaðandi og forvitnilegt til þess að fanga athygli ferðalanga og fá þá til að staldra við.

Steinþór Einarsson, skrudgarðyrkjumeistari hefur fengið til liðs við sig Kára Eiríksson, arkitekt til þess að hanna þau mannvirki sem fyrirhugað er að reisa og eru þeir m.a. með hugmyndir að bjálkahúsi úr íslenskum skógarviði. Á það að vera með lyngklæddu þaki. Handverksmönnum og myndhöggvurum verður veittur aðgangur að svæðinu til þess að koma sköpunarverkum sínum á framfæri. Að sögn Steinþórs verður byggt upp með þolinmæði og hugarfari garðyrkjumannsins. Allt tekur sinn tíma.

Hvað með heilsugæsluna, Ögmundur?

Fyrir nokkrum mánuðum síðan ætlaði þáverandi heilbrigðisráðherra að gerbreyta allri starfsemi á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Eftir breytingarnar hefði stofnunin varla verið nema svipur hjá sjón. Bæjarbúar risu upp gegn þessum áformum – allir sem einn. Eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum, var horfið frá upprunalegum áformum, þótt enn sé ekki ljóst hver endanleg niðurstaða verður í málefnum spítalans.



Guðmundur Rúnar Arnason

Ákveðin þættir í starfsemi spítalans gegna mikilvægu hlutverki í almennri heilbrigðisþjónustu við bæjarbúa í Hafnarfirði. Þannig styðja þeir við bakið á þeirri almennu heilsugæslu sem veitt er á heilsugæslustöðvunum í bænum.

Heilsugæslan til bæjarins
Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur marglýst þeirri skoðun

sinni að heilsugæslan sé mikilvægur þáttur í nærþjónustu við bæjarbúa, ásamt með mál-efnum aldraðra og málefnum fatlaðra. Bæjarstjórnin hefur litið svo á, að þessi verkefni eigi betur heima á forræði bæjarins en ríkisins. Það var skref í þveröfuga átt þegar heilsugæslustöðvarnar í Hafnarfirði voru sameinaðar heilsugæslu höfudborgarsvæðisins. Þessu viljum við breyta og höfum ítrekað óskað eftir viðræðum um að taka

heilsugæsluna yfir. Ögmundur Jónasson, núverandi heilbrigðisráðherra féllst á slíkar viðræður, um leið og hann tilkynnti að horfið hefði verið frá áformum um stórfelldan niðurskurð á starfsemi St. Jósefsspítala. Hann óskaði jafnframt eftir því að bærinn tilnefndi fulltrúa í slíkar viðræður.

Það var gert strax, en ekkert hefur gerst, þótt liðnir séu nokkrir mánuðir síðan. Ráðherrann hefur enn ekki boðað fulltrúa bæjarins til fundar. Það er ekki síður áhyggjuefni, að á sama tíma og fulltrúar bæjarins biða eftir þessum viðræðum, fréttist af stórfelldum samdrætti í þjónustu heilsugæslunnar, vegna niðurskurðar.

Það eru mikil vonbrigði að heilbrigðisráðherra skuli ekki hafa séð ástæðu til að fylgja eftir boðuðum áformum um viðræður og samráð við bæjaryfirvöld. Það er orðið nokkuð ljóst að þessar viðræður munu ekki fara fram fyrir Alþingiskosningar. Það er jafn ljóst, að bæjaryfirvöld í Hafnarfirði munu knýja dyra hjá heilbrigðisráðherra eftir kosningarnar, hver svo sem það verður.

Höfundur er formaður fjölskylduráðs og bæjarráðs.

Opnum á laugardaginn að Reykjavíkurvegi 68

Heilsuhús fyrir hunda og ketti

Ninö

Urrandi snilld...



Hundar og kettir velkomnir
– takið eigendura gjarnan með. Opnið kl. 11-16

United Pets • Carnello • Happy Dog • Happy cat • Hurtta • Red Dingo • Greenfields

Haukar Íslandsmeistarar í 4. flokki

Fjórdi flokkur karla í handbolta í Haukum sigraði Gróttu á sunnudaginn í æsispennandi og miklum markaleik. Með sigrinum tryggði liðið sér Íslandsmeistaratitilinn.

Í liðinu eru þeir Brynjólfur, Egill, Adam, Alexander, Hergils, Hallur, Arnar Ingi, Arnar Sesar og markmennirnir Bjarki og Gunnar Örvar.

Gunnar Örvar náði þeim glæsta árangri að verða bæði Íslandsmeistari í knattspyrnu með 4. flokk karla og Íslandsmeistari í handbolta.

Kampakátir strákarnir eftir leikinn á sunnudag.



HAFNARFJÖRÐUR

www.hafnarfjordur.is

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

FRÁ TÓNLISTARSKÓLA HAFNARFJARÐAR

Innritun í Forskóla – Börn fædd 2002

Innritun í Forskóla Tónlistarskóla Hafnarfjarðar fer fram dagana 27.-30. apríl frá kl. 9-12 og 13-17 á skrifstofu skólans eða í síma 555 2704. Einnig er hægt að innrita í gegnum lúbagáttina á www.hafnarfjordur.is.

Einungis verða teknir inn 50 nemendur í Forskólann að þessu sinni.

Skólastjóri

Vornámskeið DÍH



3-5 ára mánud. kl.16:10
 6-8 ára miðvikud. kl.16:10
 A-yngrí má-mið-fim kl.17:00
 A-eldri má-mið-fim kl.18:00
 Freestyle-Break-Salsa og hjónahópar
 Keppnishópur.

Stutt 4. vikna dansnámskeið.
 Innritun og gjaldskrá sjá www.dih.is
 Nánari uppl. í s: 8616522
 Netfang: dihdans@simnet.is

HNI markaðsástandspur / SIA

Garðeigendur

í Hafnarfirði, Álftanesi og Garðabæ:

Vinsamlegast skilið trjágreinaúrgangi á endurvinnslustöðv-
 arnar við Dalveg í Kópavogi eða Sævarhöfða í Reykjavík

Endurvinnslustöðin við Miðhraun getur því miður ekki tekið á móti
 trjágreinaúrgangi. Vinsamlegst skilið honum á endurvinnslustöðina við
 Dalveg eða Sævarhöfða. Skila má allt að tveimur rúmmetrum í ferð.

— Annar garðaúrgangur er velkominn á stöðina við Miðhraun. —

Gleðilegt sumar!

sorpa.is

Gangi þér vel

SORPA
 Flokkum og skilum

Heilsugæslan verði kjölfestan

Eitt fyrsta verk mitt sem heilbrigðisráðherra var að vinda ofan af ákvörðunum forvera míns varðandi St. Jósefsspítala með það að leiðarljósi að spítalinn yrði áfram hafnfirskt sjúkrahús sem þjónaði sínu samfélagi eins og þrettán þúsund Hafnirðingar höfðu krafist með undirskrift sinni. Á laggirnar var settur starfshópur, þar sem fulltrúi hollvina St.



Ögmundur Jónasson

Jósefsspítala átti sæti ásamt stjórnendum í heilbrigðiskerfinu.

Hópurinn skilaði af sér í marsbyrjun einsog fyrir hann var lagt og var almenn ánægja með þá niðurstöðu að tryggja áframhaldandi rekstur sjúkrahússins. Verktakasamningur var sagt upp og ráðist í að hrinda sparnaðaráformum í framkvæmd eins og öllum heilbrigðisstofnunum landfins er gert samkvæmt fjárlögum þessa árs. Þar verður því miður ekkert undan vikist. Enn er unnið að því að samhæfa rekstur skurðstofanna á St. Jósefsspítala við skurðstofur Landspítalans og annarra sjúkrahúsa á þéttbýliðssvæðinu á suðvesturhorni landsins. Þetta er vinna sem þarf að vanda en munurinn á fyrri áformum og því sem nú

er gert er sá að hagsmunir samfélagsins eru hafðir að leiðarljósi en ekki fjármálanna sem ólmir hafa viljað komast inn eftir spítalagöngunum og ofan í pyngju almennings. Öllum ber hins vegar saman um að með markvissri verkaskiptingu og samlegðaráhrifum má ná árangri sem er skattborgurum og þeim sem þurfa á sjúkrahússþjónustu

að halda til hagsbóta.

Í Fjarðarpóstinum hafa komið fram áhyggjur um framtíð heilsugæslunnar og áhrif efnahagsþrenginganna á hana. Ég deili þeim áhyggjum og mun gera allt sem ég get til þess að efla hana eftir því sem nokkur kostur er. Ég er nefnilega þeirra skoðunar að heilsugæslan eigi að vera kjölfestan í heilbrigðiskerfinu sem aðrir þættir þess hvíli á. Það kallar á aðra forgangsröðun en fylgt hefur verið til þessa. En framar öllu þarf að standa þá vakt sem þjóðin ætlast til af stjórnvöldum: Að verja heilbrigðiskerfið afleiðingum fjármálahrunsins sem framast má vera og tryggja að grunnurinn verði til staðar til að byggja á nýja framfarasókn.

Höfundur er heilbrigðisráðherra.

Hafnirðingar lesa sitt blað og þar ná auglýsingar til lesendanna. Þurfir þú að ná til Hafnirðinga – Hafðu þú samband!

FJARDAR
posturinn

www.fjardarposturinn.is

auglýsingasími:
565 3066

auglýsingar@fjardarposturinn.is

Ástir og örlög á vortónleikum Þrasta!

Karlarórin Þrestir heldur vortónleika sína þessa dagana og er þema tónleikanna „Ástir og örlög“ og er þar vísað í efnisskrá tónleikanna sem að vanda er fjölbreytt. Með kórnum syngur í nokkrum lögum Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, en hún syngur einnig einsöng í þremur lögum. Stjórnandi er Jón Kristinn Cortez og píanóleikari Jónas Þórir.

Fyrsti hluta efnisskrárinnar er nokkuð tengdur örlögum, s.s. í lögum eins og „Dag í senn“ og

„Rósin“ og eins í seinni hlutanum eins og í lögum „For the fallen“, „Skye boat song“, „Down by the Sally gardens“ og fleirum. Ástinni eru gerð skil í lögum eins og „La vergine degli angeli“, „Ástartöfra augnablik“, „Ástin“ og „Trygglýndi og ást“.

Tónleikarnir voru í Grafarvogskirkju og Víðistaðakirkju um helgina en verða í Hafnirborg í kvöld, síðasta vetrardag, kl. 20 og í Nes Kirkju sumardaginn fyrsta, kl. 16.



Ljós: Guðni Gíslason

Víðavangshlaup Hafnarfjarðar

Sumardaginn fyrsta, 23. apríl n.k. fer fram Víðavangshlaup Hafnarfjarðar. Hlaupið hefst á Víðistaðatúni kl. 11.00 og verður hlaupið um Víðistaðasvæðið. Allir keppendur fá verðlaunapeninga. Sigurvegarar í flokkum fá bikara. Verðlaun eru gefin af Hafnarfjarðarbæ.

Ath. ekkert þátttökugjald og skráning á staðnum.

Keppt er í eftirtöldum flokkum:

Aldur	Vegalengd
15 - 20 ára drengir og stúlkur (1989-1994)	ca. 2000 m
21 ára og eldri karlar og konur (1988 og fyrr)	ca. 2000 m
6 ára og yngri strákar og stelpur (2003 og síðar)	ca. 200 m
7 - 8 ára strákar og stelpur (2001-2002)	ca. 300 m
9 - 10 ára strákar og stelpur (1999-2000)	ca. 400 m
11 - 12 ára strákar og stelpur (1997-1998)	ca. 600 m
13 - 14 ára piltar og telpur (1995-1996)	ca. 1000 m

Keppendur 15 ára og eldri hlaupa fyrst. Þá hefst keppnin hjá þeim yngstu og upp úr. Undanfari verður með yngstu keppendum.

Fjárlífróttadeild FH sér um framkvæmd hlaupsins fyrir Hafnarfjarðarbæ.



Nánari upplýsingar um hlaupið veitir: Sigurður sími: 565 1114 og 664 5631.



Örvum atvinnulífið í stað þess að kæfa það

Á laugardaginn verður kosið um framtíð íslensku þjóðarinnar. Hvernig við ætlum að komast út úr núverandi erfiðleikum og byggja hér upp á ný blómlegt atvinnulíf og samfélag.

Kastljós fjölmiðla hefur hins vegar beint að öllu nema því hvernig það muni takast og stjórnarflokkarnir sem stefna að því að starfa áfram að loknum kosningum reyna eins og kostur er að komast hjá því að takast á við slíka umræðu.

Íslenskt samfélag varð fyrir gífurlegu áfalli síðastliðið haust þegar ein af fjórum stöðum atvinnulífsins, fjármálakerfið, hrundi. Hinar meginstöðirnar þrjár: Sjávarútvegur, orkufrekur iðnaður og ferðaþjónusta eru hins vegar traustar. Ef við hlúum að þeim tekst okkur að komast út úr erfiðleikum.

Verkefnið er stórt og það verður ekki auðvelt. Tekjufall rikissjóds kallar á róttækar aðgerðir og stórfellt atvinnuleysi má aldrei verða meira en tímabundið.

Þessi tvö verkefni hanga saman. Við munum aldrei vinna okkur út úr núverandi ástandi með skattþvingu, launalækkunum og miðstýringu. Hvorki heimili né fyrirtæki mega við auknum byrðum og sú blandaða leið launalækkana og skattahækkana sem vinstri flokkarnir boða er eittraður kokkteill.

Leiðin út úr vandanum liggur í stórfelldu átaki til að fjölga störfum. Að fjölga vinnandi höndum og breikka þannig skattstofna ríkisins.

Við eigum að nota skattkerfið til að hvetja til fjárfestinga og þar með nýráðninga. Við eigum

að veita þeim fyrirtækjum skattafslátt sem vilja ráðast í nýsköpunar- og þróunarverkefni.

Tækifærin leynast víða. Við erum ung, vel menntuð og dugleg þjóð. Á undanföllum árum höfum við lagt ríka áherslu á nýsköpun og rannsóknir. Nú verðum við að byggja brú á milli atvinnulífsins og þekkingarinnar.

Forsenda þess að endurreisnin gangi hratt og örugglega fyrir sig er að við stöndum við bakið á atvinnulífinu og að hér verði ekki lagðir á slíkir skattar og slík höft að erlendir fjárfestar muni um fyrirsjáanlega framtíð forðast Ísland og innlend fyrirtæki ekki leggja í þær fjárfestingar sem nauðsynlegar eru til að störfum fari að fjölga á ný.

Um þetta verður kosið 25. apríl.

Höfundur er þingmaður.

Árgangur 1957

Hafnfirskt árgangspartý á Ásvöllum 16. maí nk. Geggjað stuð!
Fylgstu með á Facebook! „Hafnfirski 1957 árgangurinn“ og á
www.fjardarposturinn.is/1957 • Meira í næsta blaði!

Vinna og velferð



Verðmætasköpun og atvinna eru forsenda þess að haldið sé uppi öfluggu velferðarsamfélagi. Efnahagsleg endurreisn byggir á að fyrirtæki og heimili njóti lágra vaxta og gengisstöðugleika. Samfylkingin hefur einn flokka skýra stefnu um upptöku evru með aðild að Evrópusambandinu, sem leggur grunn að vinnu og velferð til framtíðar.

Á undanförunum tveimur árum hefur Samfylkingin:

- Komið á greiðsluaðlögun
- Hækkað tekjutengdar barnabætur
- Hækkað persónuafslátt
- Afnumið tekjutengingu bóta lífeyrisþega við tekjur maka
- Tryggt almenningi eignarhald á orkuauðlindum
- Hækkað vaxtabætur um 70%
- Auðveldað sprotafyrirtækjum að ráða til sín fólk í atvinnuleit
- Hækkað greiðslur til lífeyrisþega um 42%

Á nýju kjörtímabili ætlar Samfylkingin að:

- Sækja um aðild að Evrópusambandinu og leggja aðildarsamning í dóm þjóðarinnar. Þannig getum við:
 - Afnumið gjaldeyrishöft og lækkað vexti hratt
 - Afnumið verðtrygginguna
 - Lagt grunn að sjálfbærum hagvexti til lengri tíma
 - Tekið upp evru
- Auka nýsköpun í atvinnulífi með auknum framlögum til rannsóknarsjóða
- Byggja velferðarbrú og beita raunhæfum aðgerðum til að bæta hag heimilanna
- Tryggja velferðarþjónustu óháð efnahag

Við þurfum þinn stuðning á laugardaginn!



Þau leiða lista Samfylkingarinnar í Suðvesturkjördæmi: Lúðvík Geirsson (5. sæti), Þórunn Sveinbjarnardóttir (3. sæti), Árni Páll Árnason (1. sæti), Katrín Júlíusdóttir (2. sæti) og Magnús Orri Schram (4. sæti).

Kosningakaffi í húsnæði Samfylkingarinnar á kjördag á Strandgötu 43, frá kl. 10:00 til 22:00. Allir velkomnir! Kosningamiðstöðin Firði er opin alla daga fram að kosningum frá kl. 12:00 til 18:30.

Nánari upplýsingar um kosningabaráttuna og akstur á kjördag í sínum: 618 4194 og 618 4196

www.xs.is

Vinna
og velferð
XS

Nú verður að taka af skarið!

Á laugardaginn verður fyrst og fremst kosið um traust og trúnað. Svar þeirra kjósenda sem er misboðið af framgöngu einstakra stjórnsmálafla er ekki að sitja heima heldur að leggja sitt af mörkum til að blaðinu verði snúið við. Verkefni eru ærin sem biða nýrrar ríkisstjórnar, en um þau verkefni verður



Lúðvík Geirsson

ad skapast sátt og samstaða. Lykilatriðið er að verja hag heimila og fjölskyldna.

Um leið og við náum föstum tókum á efnahagsmálum, vöxtum og gengisþróun munu hjól atvinnulífsins fara að snúast að nýju af fullum krafti. Á sama tíma þurfa stjórnvöld að gæta fyllsta aðhalds í sínum rekstri og skapa um leið forsendur fyrir nýrri sókn í atvinnumálum. Það mun ekki takast nema eðlileg fyrirgreiðsla og þjónusta verði til staðar í banka- og fjármálakerfi landsins. Við megum engan tíma missa því þjóðin mun ekki þola stórfellt atvinnuleysi til lengri tíma.

Forsenda þess að ná árangri er að skapa traust og trúnað

ekki sist við okkar viðskiptaþjóðir. Við verðum að öðlast tiltrú í alþjóðasamfélaginu. Við gerum það ekki með því að einangra okkur frá umheiminum, heldur með því efla okkar samstarf og samvinnu við aðrar þjóðir.

Stefna Samfylkingarinnar er skýr. Við eigum að óska þegar eftir viðræðum við Evrópusambandið. Sú ákvörðun ein og sér mun styrkja okkar fjárhagsstöðu og flýta fyrir efnahagslegri endurreisn. Tækifærin sem felast í inngöngu í ESB snúa fyrst og fremst að fjárhagslegum styrk og stöðugleika, öflugri sókn og endurreisn í atvinnumálum og almennum réttindum og jöfnuði. Það er okkar að hafa þor og kjark til að leysa úr okkar vandamálum. Oft var þörf en nú er nauðsyn að við tókum af skarið. Það getum við gert saman í kjörklefanum á laugardaginn.

Höfundur er bæjarstjóri og skipar 5. sæti á framboðslista Samfylkingar.



Foreldrafélag Áslandsskóla boðar til

AÐALFUNDAR

miðvikudaginn 29. apríl kl. 20:00 á sal skólans

Dagskrá:

- Erindi: Skólaráð - Leifur S. Garðarsson skólastjóri
- Skýrsla foreldraráðs
- Skýrsla fráfarandi stjórnar
- Endurskoðaðir ársreikningar
- Tillögur um breytingar á lögum félagsins
- Kosning í stjórn foreldrafélags, skólaráð og nefndir
- Önnur mál

Fundarstjóri: Pétur Óskarsson

Fundurinn er opinn foreldrum allra barna í Áslandsskóla, sem og foreldrum barna sem hefja nám við skólann á haustönn 2009. Þeir foreldrar sem ekki sjá sér fært að mæta á fundinn en vilja hafa áhrif á starfsemi fundarins eru beðnir að senda skriflegt umboð með staðgenglum.

Foreldrafélagið er vettvangur foreldra sem vilja vinna með kennurum og starfsfólki Áslandsskóla að því að gera skólann að vettvangi þar sem börnunum okkar líður vel og finnst gaman að vera. **Mætum öll og tókum þátt.**

F J A R ð A R



B Ó N

TRÖNUHRAUNI 10 - SÍMI 565 3232
www.fjardarbon.is - fjardarbon@fjardarbon.is

Er Fjardarposturinn besti auglýsingamiðillinn fyrir Hafnarfjörð?

Hafniríðingar lesa sitt blað og þar ná auglýsingar til lesendanna. Þúfir þú að ná til Hafniríðinga — Hafðu þá samband!

FJARDAR
posturinn
www.fjardarposturinn.is

auglýsingasími:
565 3066
auglysingar@fjardarposturinn.is

Hádegistónleikar

Í HAFNARFJARÐARKIRKJU

ÞRIÐJUDAGINN 28. APRÍL KL. 12.15

Haukur Guðlaugsson,
fyrirum söngmálastjóri Þjóðkirkjunnar
leikur glæsilega efnisskrá

Aðgangur ókeypis
Verið hjartanlega velkomin

Vortónleikar

Kvennakórs Hafnarfjarðar

í Hásölum

Þriðjudaginn 28. apríl kl. 20:00

Stjórnandi: Erna Guðmundsdóttir
Píanó: Antonia Hevesi

Miðasala við innganginn 1.500 krónur
www.kvennakorinn.org

HAFNARFJARÐAR
Stofnaður
1995

you can
Canon



Þú þekkir **Canon**
Veldu gæði.

www.canon.nyherji.is
Söluaðilar um land allt.

auglysingar@fjardarposturinn.is
Auglýsingasími:
